



Við erum nokkrir nemendur í Fjölbrotaskóla Vesturlands og við erum búin að vera svo heppin að fá að taka þátt í verkefninu *Be Green*. Í því verkefni taka þátt fimm skólar frá Íslandi, Tyrklandi, Frakklandi, Ítalíu og Búlgaríu auk menntastofnunar í Grikklandi. Verkefnið gengur út á það að nemendur læra að búa til kynningar um umhverfismál og fá svo að ferðast til annara landa og flytja kynningarnar þar fyrir hina nemendurnar. Þar með lærum við í hvert skipti eitthvað nýtt um umhverfismál og fáum að kynnst menningunni í hinum löndunum og eignumst nýja vini um allan heiminn. Fyrsta ferðin var til Istanbúl í Tyrklandi, og þar sem þetta var fyrsta ferðin kynntum við skólann okkar og Ísland fyrir hinum nemendum.

Einnig töluðum við um umhverfismál í skólanum okkar, hvernig flokkunarkerfi við notum og hvernig skólinn okkar er umhverfisvænn, en einnig hvernig við getum bætt okkur. Hinir nemendurnir úr Tyrklandi, Frakklandi, Ítalíu og Búlgaríu fluttu einnig fyrir okkur áhugaverðar kynningar um skólann og landið þeirra.



Mynd 3: Íslenska teymið í Istanbúl

Þegar við vorum í Istanbúl var verkefni fyrsta daginn sem bæði fjallaði um umhverfismál og náði að blanda saman hópunum frá öllum löndunum svo að við gátum talað við og kynnst krökkunum. Þarna voru allir í íslenska teyminu vel

þreyttir eftir að hafa eytt 20 klukkutímum í að ferðast daginn áður og fengið aðeins 3ja klukkutíma svefn áður en við þurftum að mæta. Við fengum að heyra fyrirlestur frá prófessor úr háskóla í Istanbúl og flutti fyrir okkur mjög spennandi kynningu um plastmengun og áhrif þess á umhverfið. Eftir það fórum við að skoða endurvinnslustöð sem var með moltu og var farið með okkur í gegnum ferlið þar og okkur sýnd moldin og nokkrar plöntur sem höfðu vaxið í henni. Við skoðuðum líka garð með alls konar plöntum og fengum kynningu á hvað væri hægt að nota þær í. Einnig fengum við mjög skemmtilega leiksýningu sem tyrkneskir nemendur settu upp og átti að sýna afleiðingar þess ef menn fara ekki að hugsa betur um umhverfið. Seinna fengum við að skoða lítinn skóg sem var vaktaður og var svakalega flottur og vel búin að hugsa um þetta svæði. Það var rosalega skemmtilegt þegar við fórum að skoða sædýrasafn þar sem hægt var að sjá allt frá krókódílum að mörgæsum, eftir það lærðum við aðeins um sögu landsins og skoðuðum gamla höll frá tímum Ottómanveldisins. Eitt kvöldið var svo sigling upp Bosporussund sem liggur í gegnum Istanbúl og er landamæri



Mynd 1: Flott listaverk frá nemendum úr Tyrklandi úr endurundum efnunum



Mynd 2: Gömul höll Ottómanveldisins

milli heimsálfanna Evrópu og Asíu. Síðasta daginn gróðursettum við grænmeti í garði á bakvið skólann. Að lokum var komið að kveðjustund þar sem við kvöddum alla nýju vini okkar og snerum aftur til Íslands. Okkur fannst mjög gaman að fara til Istanbúl og þetta var alveg mjög einstök upplifun þar sem við kynntust nýju fólki á okkar aldri og munum við ekki gleyma þessu fljótt.



*Mynd 4: Íslenska teymið að vinna hörðum höndum í gróðursetningu*



*Mynd 5: Skólinn í Tyrklandi*

## Frakkland

Önnur ferðin var til Parísar og áður en við byrjuðum á verkefnavinnu fengum við smá pásu til þess skoða okkur um og aðlagast umhverfinu ólíkt ferðinni til Istanbúl en fyrsta daginn var farið í góðan göngutúr um París og skoðað Bastilluminnisvarðann og Notre Dame kirkjuna. Svo var komið að því að hitta nemendur frá öðrum löndum og fórum við í Brétigny-sur-Orge hverfið sem er rétt fyrir utan París. Byrjað var á því að flytja kynningar líkt og áður og skólinn skoðaður. Svo hélt hópurinn inn í Parísarborg og allir fóru saman í siglingu á Signu. En á meðan á ferðinni stóð fórum við á marga áhugaverða staði að skoða eins og að Louvre-safninu, en við fórum að vísu ekki inn. En einnig sáum við Sigurbogann og fórum í Eiffelturninn. Við eyddum einum deginum á Versölum þar sem höllin, garðurinn og fleira var skoðað yfir daginn. Á föstudeginum sem var síðasti dagurinn okkar, átti einn af tyrknesku nemendunum afmæli og voru honum gefnar nokkrar gjafir og kaka í tilefni dagsins. Að lokum þurftum við svo að kveðja nýju vini okkar.



*Mynd 6: Íslenska teymið úti í París*






Mynd 8: Lítið hverfi þar sem dýr Marie antoinette voru



Mynd 7: Aðalbygging skólans í Frakklandi



Mynd 9: Íslenskir nemendur fyrir utan Versali



## Ítalía

Þriðja ferðin sem við fórum í var í lok mars til Ítalíu til Apúlíahéraðsins. Við gistum í Bitonto Fyrsti dagurinn fór í kynningar við kyntum skólann hvað hann er að gera í umhverfismálum og sögðum einnig frá Íslandi t.d. hvaðan við fáum heita vatnið og að Ísland sé ein af umhverfisvænustu þjóðum heims þegar kemur að orkumálum. Sýndum myndbönd... öll löndin voru með kynningar. Það var mjög gaman að sjá myndirnar í kynninguni frá Tyrklandi þar sem þau sýndu myndir af gördunum sem við gróðursettum grænmeti, í Istanbúl í október sl. Auðvitað vorum við með flottasta garðinn.

Við fengum kynningu á fablabi sem var mjög áhugavert. Þau sýndu okkur að hægt er að búa til nánast allt í fablabi. Sama dag var farið í bakarí þar sem bakað er úr ofni frá árinu 1260 sem var rosalega gott.



Við skoðuðum leirverksmiðjuna D'aniello tradizion, sem var einstaklega skemmtilegt því við fengum að sjá það sem var verið að gera en fengum líka að búa sjálf til bolla.

Við skoðuðum fleiri áhugaverða staði á Ítalíu eins og Alberobello sem er UNESCO bær en það er þekkt fyrir húsin sem kallast trulli, Matera sem er einnig UNESCO borg og ein elsta borg Ítalíu við skoðuðum líka Polignano a mare, Castel del monte sem er kastali frá 13 öld og stórborgina Bari. Á Ítalíu skoðuðum við margar fallegar kirkjur.

Í ferðinni fengum við rosalega góðan mat og í Bitonto fengum við mat frá fimm stjörnu kokki sem er vel þekktur á Ítalíu.

Það sem stendur uppúr hjá okkur er vináttan sem myndaðist í ferðinni og að upplifa aðra menningarheima. Þetta er líka mjög fræðandi og gaman að fá tækifærið til að ferðast.



### **Framundan**

Núna höfum við lokið ferðum til 3ja landa en verkefninu er samt þó ekki enn lokið þar sem nemendur koma núna í lok septembermánaðar í heimsókn til Íslands, og í nóvember er svo annar hittingur í Sófíu höfuðborg Búlgaríu þar sem nemendur fara í heimsókn og mun verkefninu ljúka þar.